


# Fleygskurður með minnkun á brjóstum


Fleygskurður er gerður þegar fjarlægja á forstigsbreytingar eða krabbamein í brjósti. Misjafnt er hve stóran hluta brjóstvefs þarf að fjarlægja en það fer eftir staðsetningu, stærð og tegund æxlis. Í aðgerðinni er gerð brjóstaminnkun um leið og mein er fjarlægt og hitt brjóstið minnkað til samræmis. Í sumum tilfellum þarf að fjarlægja geirvörtur og þá er yfirleitt hægt að byggja upp geirvörtur síðar. Aðgerðin er gerð í svæfingu.

Fylgikvillar eru sjaldgæfir og geta komið strax eftir aðgerð eða nokkrum dögum síðar. Þeir helstu eru:

- Blæðing í skurðsvæði sem stundum þarfnast enduraðgerðar.
- Sýking í skurðsvæði sem meðhöndluð er meðal annars með sýklalyfjum.
- Breytt tilfinning yfir brjósti og geirvörtum.
- Möguleikar á að hafa barn á brjósti geta minnkað.



Mynd 1. Fyrir aðgerð.



Eftir aðgerð.

Brjóstinu er lyft um leið og það er minnkað og færist geirvartan þá ofar.

Í flestum tilfellum er tekið sýni frá eitlum (varðeitlum) í holhönd í aðgerðinni þeim megin sem meinið er. Sýnið er skoðað af meinafræðingi á meðan á aðgerð stendur og niðurstaða berst áður en aðgerð lýkur. Ef sýnið reynist vera með frumubreytingum eru í sumum tilfellum teknir fleiri eitlar úr holhöndinni í aðgerðinni. Ef greinst hafa meinvörp í holhandareitli fyrir aðgerð þá eru oft fleiri eitlar teknir.

Flestar konur sem fara í fleygskurð vegna krabbameins fá geislameðferð á brjostið nokkrum vikum eftir aðgerð til að minnka líkur á endurkomu sjúkdómsins. Í sumum tilvikum á það einnig við ef forstigsbreytingar eru til staðar.

## **Undirbúningur fyrir aðgerð**

### **Upplýsingar um aðgerðartíma**

Innköllunarstjóri hringir og veitir upplýsingar um aðgerðartíma 1-3 vikum fyrir aðgerð.

### **Náttúru- og fæðubótarefni**

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna tveimur vikum fyrir aðgerð þar með talið lýsi og Omega 3, þar sem þau geta haft blóðþynnandi áhrif. Óhætt er að taka áfram inn fjölvítamín og steinefni.

### **Blóðþynningarlyf**

Ef breyta eða stöðva þarf blóðþynningarmeðferð fyrir aðgerð er það gert í samráði við skurðlækni.

### **Rakstur í holhönd**

Vegna sýkingarhættu má ekki raka hár úr handarkrika síðustu þrjá dagana fyrir aðgerð.

### **Tóbaksnotkun og rafrettur**

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun og nikótín í rafrettum hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð og geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Til að eiga möguleika á þessari aðgerð er nauðsynlegt að vera alveg reyklus í að minnsta kosti tvær vikur fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki fjórar vikur eftir aðgerð. Þeir sem reykja þurfa því að hætta reykingum og/eða notkun nikótíns fljótlega eftir greiningu sjúkdómsins. Hægt er að fá aðstoð hjúkrunarfræðings og eftirfylgni í 12 mánuði eftir aðgerð hjá „Ráðgjöf í reykbindindi“. Starfsmaður spítalans hefur þá samband við ráðgjafabjónustuna en eins má hringja í gjaldfrjálsa símanúmerið 800 6030. Einnig er bent á [www.reyklaus.is](http://www.reyklaus.is).

## Notkun áfengis

Ráðlagt er að draga úr eða hætta neyslu áfengis í fjórar vikur fyrir aðgerð, þar sem það getur haft áhrif á svæfingu og bata eftir skurðaðgerð. Þeir sem telja sig ofnota eða misnota lyf eða áfengi þurfa að hafa samband við innskriftarmiðstöð til frekari upplýsinga og samráðs. Gætt er trúnaðar um slík mál jafnt sem önnur.

## Aðstæður heima

Ef aðstæður eru þannig að þörf er á aðstoð heima eftir útskrift, er gott að huga að því fyrir eða strax við innlögn. Hjúkrunarfræðingar geta aðstoðað við að fá dvöl á sjúkrahóteli.

## Undirbúningsviðtöl

Hjúkrunarfræðingur í brjóstameymi Landspítala hringir í sjúkling nokkrum dögum fyrir aðgerð. Þar er farið yfir það sem framundan er.

## Símaviðtal vegna svæfingar

Svæfingahjúkrunarfræðingur hringir nokkrum dögum fyrir aðgerð til að fara yfir heilsufar með tilliti til svæfingar og veita tækifæri til spurninga. Ef frekari rannsókn eða upplýsinga er þörf, er boðað í innskriftarviðtal á spítalanum fyrir aðgerðina.

Gott er að hafa lyfjalista við höndina, því í símtalinu þarf að fá upplýsingar um hvaða lyf má taka fyrir aðgerðina. Sum lyf er óæskilegt að taka fyrir svæfingu. Ef vandamál hafa komið upp eftir fyrri svæfingar, til dæmis miklir verkir, ógleði eða uppköst, er mikilvægt að segja frá því.

## Í símaviðtalinu verður spurt um:

- Fyrri reynslu af svæfingum
- Ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum
- Hæð og þyngd
- Áfengisneyslu og reykingar
- Gervitennur og tannbrýr
- Heilsufar og sjúkdóma
- Lyfjanotkun, þar á meðal notkun náttúruylfja og fæðubótarefna

## Merking aðgerðarsvæðis

Stundum þarf að merkja aðgerðarsvæðið en það fer eftir stærð og tegund æxlis. Merkingin er gerð í ómskoðun á brjóstum eða röntgenmyndatöku og fer fram á brjóstamyndgreiningardeild Landspítala á Eiríksögütu 5. Röntgenlæknir merkir þá staðsetningu æxlis. Stundum er notaður mjúkur vír en aðrar aðferðir eru einnig notaðar. Skurðlæknir fær þannig nákvæma staðsetningu æxlis. Fæstir finna fyrir óþægindum af vírnum.

## Varðeitlaskann

Ef fjarlægja á varðeitla í aðgerðinni eru þeir merktir á ísótópastofu 10G, í kjallara Landspítala við Hringbraut daginn fyrir aðgerð eða að morgni aðgerðardags. Litlum skammti af léttgeislavirku efni er sprautað undir húð við geirvörtubaug með finni nál. Efnið fer þá inn í sogæðakerfið og sest í fremstu eitlana í holhöndinni, þannig að þeir eitlar greinast auðveldlega í aðgerð. Óþægindi við gjöf efnisins eru minniháttar.

## Kvöldið fyrir aðgerð

### Blóðþynningarlyf

Í sumum tilfellum þarf að gefa sér blóðþynningarlyf með sprautu undir húð kvöldið fyrir aðgerð til að minnka hættu á myndun blóðtappa. Hjúkrunarfræðingur veitir leiðbeiningar um gjöf lyfs.

### Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefnis kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir komu á spítalann.

### Annar undirbúningur

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu.

## Aðgerðardagur

### Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann. Klæðast þarf hreinum fötum eftir sturtuna og ekki má nota svitalyktareyði, krem, andlitsfarða, ilmefni, naglalakk eða skartgrip.

**Mæting er á kvenlækningadeild 21A á 1. hæð í kvennadeildarhúsi, á umsömdum tíma að morgni aðgerðardags. Hafa þarf með öll lyf sem tekin eru daglega. Ekki má taka inn eigin lyf án samráðs við lækni eða hjúkrunarfræðing.**

Fyrir aðgerðina þarf að vera búið að undirrita samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Fyrir aðgerðina eru gefin verkjalyf í töfluformi sem verka í og eftir aðgerð. Þegar komið er á skurðstofu fer fram frekari undirbúningur fyrir aðgerðina. Aðgerðin tekur 2-2,5 klukkustund.

### Eftir aðgerð

Eftir aðgerð fer sjúklingur á vöknunardeild og síðan aftur á kvenlækningadeild.

### Verkir

Verkjalyf eru gefin reglulega og eftir þörfum. Sjúklingur metur styrk verkja á verkjakvarða þar sem 0 þýðir enginn verkur og 10 gríðarlegir verkir eða verstu hugsanlegu verkir. Mikilvægt er að láta vita um verki svo hægt sé að bregðast við. Markmiðið er að vera vel verkjastillt(ur), geta hreyft sig með góðu móti og andað djúpt. Hálssærindi geta komið eftir svæfinguna, en þau hverfa yfirleitt á 1-2 dögum.

<b>0</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>5</b>	<b>6</b>	<b>7</b>	<b>8</b>	<b>9</b>	<b>10</b>
Engir verkir		Vægir verkir		Miðlungs verkir		Miklir verkir		Gríðarlegir verkir		

### Þvaglát

Eftir aðgerðina getur komið fram tregða við þvaglát og því er fylgst með þvaglátum eftir aðgerð. Láta þarf starfsmann vita ef ekki gengur að pissa eða lítið kemur af þvagi. Stundum er notað blátt efni til merkingar á varðeitlum. Þá má búast við að sjá grænan lit á þvagi fyrst um sinn og bláan blett í húð við stungustað.

## Matur og drykkur

Sjúklingur má drekka og borða strax og hann treystir sér til. Borið getur á ógleði eftir svæfingu og er þá mikilvægt að láta vita svo hægt sé að bregðast við því.

## Skurðsár

Skurðsári er lokað með saumi sem eyðist. Yfir saumunum eru litlir límplástrar og yfir þeim eru vatnsheldar umbúðir.

## Dren

Yfirleitt þarf ekki að setja inn drenslöngu eftir fleygskurð en ef fjarlægja þarf fleiri eitla en varðeitla úr holdhönd er það gert til að losa blóð- og sogæðavökva af svæðinu. Stundum er dren til staðar við útskrift.

## Hreyfing

Fara má fram úr rúmi þegar sjúklingur treystir sér til en mikilvægt er að hafa einhvern hjá sér í fyrsta skipti vegna hættu á svima. Eðlilegt er að finna fyrir þreytu og sljóleika fyrst um sinn.

## Útskrift

Útskrift er áætluð samdægurs eða daginn eftir aðgerð.

### Fyrir útskrift þarf að vera búð að fá:

- Útskriftarfræðslu
- Fræðsluefni um dren ef þörf er á og auka drenpoka til að taka með heim
- Ráðleggingar um stuðningsbrjóstahaldara
- Rafrænan lyfseðil fyrir verkjalyfjum ef þörf er á
- Endurkomutíma hjá hjúkrunarfræðingi í brjóstateymi
- Endurkomutíma hjá skurðlækni
- Endurkomutíma hjá lýtalækni ef við á

# Útskriftarfræðsla

## Verkir

Búast má við að finna fyrir verkjum á skurðsvæði og því er mælt með að taka verkjalyf reglulega yfir daginn, samkvæmt leiðbeiningum. Smám saman er dregið úr töku lyfjanna með því að minnka skammta eða taka lyfin sjaldnar. Eðlilegt er að finna fyrir stingjum og eymslum í brjóstum í nokkrar vikur eftir aðgerð.

## Skurðsár

- Vatnsheldar umbúðir eru yfir skurðsári sem eru láttnar óhreyfðar fram að endurkomu til hjúkrunarfræðings.
- Óhætt er að fara í sturtu sólarhring eftir aðgerð. Ekki er ráðlegt að fara í baðkar, sund eða heitan pott í fjórar vikur eftir aðgerð meðan sárið er að gróa. Forðast ber alla óþarfa snertingu við sárið. Fylgjast þarf með útliti skurðsára með tilliti til roða, bólgu og vessa.
- Búast má við að tilfinning í geirvörtum breytist eftir aðgerð. Sumar konur finna fyrir tilfinningarleysi eða dofa í brjóstum og slíkt er ekki óeðlilegt. Gera má ráð fyrir að tilfinning aukist með tímanum. Einnig getur útlit brjósta verið annað en það sem búist var við, en endanlegt útlit kemur ekki í ljós fyrr en bólga hefur hjaðnað og sárin jafnað sig.
- Forðast þarf notkun svitalyktareyðis í þrjár vikur eftir aðgerð.
- Öryggisbelti í bíl getur þrengt að skurðsvæði og valdið togi á brjóstasvæðið, því þarf að gæta þess að það sitji vel.
- Ör eftir skurðaðgerð eru viðkvæm fyrir sterku sólarljósi í allt að 12 mánuði eftir aðgerð.

## Dren

Ef dren var sett í aðgerðinni er það yfirleitt fjarlægt þegar minna en 30-50 ml safnast í það yfir sólarhringinn. Það er þó yfirleitt ekki látið vera lengur en í 10 daga vegna hættu á sýkingu. Hjúkrunarfræðingur í brjóstateymi fjarlægir dren og sinnir eftirliti með því. Veittar eru leiðbeiningar fyrir útskrift um umhirðu drens.

## Rakstur eftir aðgerð

Meðan skert tilfinning er í holhönd þarf að fara varlega við rakstur og nota þá frekar rafmagnsrakvél.

## Eitlar fjarlægðir úr hólhönd

Ef fleiri eitlar en varðeitlar eru fjarlægðir á að forðast að mæla blóðþrýsting eða taka blóðsýni úr þeim handlegg til framtíðar. Eftir aðgerðina getur tilfinning í innanverðum upphandlegg breyst en það gengur yfirleitt til baka. Stundum getur borið á dofa í nokkrar vikur eða mánuði.

## Brjóstahaldari (aðhaldstoppur)

Aðhaldstoppur er afhentur á deildinni og er til eignar. Ráðlagt er að nota toppinn í 4-6 vikur eftir aðgerð á meðan sárið er að gróa. Fyrstu 2-4 vikurnar þarf að nota toppinn allan sólarhringinn en eftir það aðeins á daginn. Skipta má toppnum út fyrir eigin topp eða brjóstahaldara en ekki má nota brjóstahaldara með spöngum í þrjá mánuði eftir aðgerð.

## Matur og drykkur

Borða má eins og áður.

## Hreyfing

Sjúkrabjálfi veitir fræðslu um hreyfingu og æfingar eftir aðgerð. Mikilvægt er að hreyfa sig daglega og eru gönguferðir góður kostur.

- Ekki má lyfta handlegg hærra en 90° í eina viku. Eftir þann tíma má hreyfa handlegginn að vild en ekki má lyfta þungu (yfir 5 kg) í 1-2 vikur.
- Forðast þarf áreynslu og allt sem valdið getur höggi á brjóstið í 2-3 vikur, til dæmis í íþróttum.

## Kynlíf

Almennt má stunda kynlíf aftur þegar fólk er tilbúið til þess, en ráðlegt er að varast beinan þrýsting á skurðsvæðið í 4-6 vikur.

## Preyta

Búast má við þreytu og úthaldsleysi fyrstu mánuðina eftir aðgerð. Gott er að ná a.m.k. 6–8 klst. nætursvefni og hvíla sig yfir daginn ef þörf er á. Góð næring, hreyfing, slökun og verkjameðferð getur dregið úr þreytu.

## Andleg líðan

Sumir finna fyrir kvíða og óöryggi vegna veikinda. Oft hjálpar að tala um líðan við sína nánustu og ræða við fagfólk um það sem veldur áhyggjum. Aðferðir eins og tónlist, slökun og hreyfing geta dregið úr andlegri vanlíðan en ef kvíði og drungi verða viðvarandi er mælt með að leita aðstoðar, til dæmis hjá heimilislækni.



## Vinna

Hafa þarf samráð við lækni um hvenær má byrja að vinna aftur en það er háð eðli starfs og líðan. Hægt er að fá veikindavottorð við útskrift af spítalanum eða í endurkomutíma.

## Annar stuðningur og úrræði

- Brjóstaheill - Samhjálp kvenna ([www.krabb.is/brjostaheill](http://www.krabb.is/brjostaheill)) er stuðnings- og baráttuhópur kvenna sem greinast með brjóstakrabbamein. Stuðningssími: 781 7744.
- Hjúkrunar- og kynfræðingur Landspítala sinnir sérhæfðri kynlífsráðgjafarþjónustu fyrir sjúklinga: [www.landspitali.is/sjuklingar-adstandendur/fraedsluvefir/kynlif-sjukdomar/](http://www.landspitali.is/sjuklingar-adstandendur/fraedsluvefir/kynlif-sjukdomar/)
- Kraftur ([www.kraftur.org](http://www.kraftur.org)) er stuðningsfélag fyrir fólk á aldrinum 18-40 ára sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þeirra.
- Ljósíð ([www.ljosid.is/](http://www.ljosid.is/)) er endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og aðstandendur þeirra.
- Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins ([www.krabb.is/radgjafarthjonustan](http://www.krabb.is/radgjafarthjonustan)) býður upp á fræðslu, viðtöl, faglega ráðgjöf, sálægslu, djúpslökun, ýmis námskeið og hagnýtar upplýsingar.

## Endurkomutímar

Hjá hjúkrunarfræðingi í brjóstateymi: Skoðun og viðtal.

Staður: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_ kl. \_\_\_\_\_

Hjá brjóstaskurðlækni: Skoðun og viðtal og upplýst um niðurstöðu vefjagreiningar. Velkomið er að hafa aðstandanda með í endurkomutíma.

Staður: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_ kl. \_\_\_\_\_

Hjá lýtalækni: Skoðun og viðtal.

Staður: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_ kl. \_\_\_\_\_

## Hafa þarf samband við spítalann ef eftirfarandi hættumerki koma fram fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð:

- Líkamshiti hærri en 38,5°C
- Auknir verkir og/eða verkir minnka ekki við verkjalyf
- Blæðir eða vessar úr skurðsári
- Roði eða bólga er í kringum skurðsár
- Brjóst er stífara viðkomu
- Þjúgsöfnun á handlegg

Í bráðatilvikum er ráðlagt að leita á bráðamóttöku.

## Símanúmer

Hjúkrunarfræðingur á brjóstamiðstöð (virka daga kl. 08:00-15:30)	543 9560
Skiptiborð Landspítala er opið allan sólarhringinn	543 1000
Kvenlækningadeild 21A (bráðabjónusta) eftir klukkan 16 og um helgar	543 3263

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:  
LANDSPÍTALI  
JÚNÍ 2021  
LSH-3550

ÁBYRGÐARMENN:  
YFIRLÆKNAR KVIÐARHOLS- OG  
BRJÓSTASKURÐLÆKNINGA OG  
LÝTALÆKNINGA OG DEILDARSTJÓRAR  
BRJÓSTAMIÐSTÖÐVAR OG  
KVENLÆKNINGAÐEILDAR 21A

HÖNNUN:  
SAMSKIPTAÐEILD

## Verkjameðferð eftir skurðaðgerð

### Verkir

Flestir finna fyrir verkjum eftir skurðaðgerð. Oftast er um að ræða verki sem tengjast skurðsvæði. Mismunandi er hvernig fólk upplifir verki og þarf verkjameðferð að taka mið af reynslu hvers og eins. Mikilvægt er að draga úr verkjum eins og kostur er því verkir geta seinkað bata.

### Verkjalyf

Taka á verkjalyf samkvæmt ráðleggingum. Yfirleitt er heppilegast að taka verkjalyf reglulega yfir daginn. Ekki er æskilegt að bíða eftir því að verkir verði slæmir áður en lyfin eru tekin. Erfiðara er að ná stjórn á verkjum ef þeir verða slæmir. Ef verkir eru enn til staðar þrátt fyrir að verkjalyf séu tekin reglulega má taka verkjalyf til viðbótar samkvæmt ráðleggingum. Smám saman er dregið úr töku lyfjanna með því að minnka skammta eða taka lyfin sjaldnar. Ráðlagt er að hætta fyrst töku sterkra verkjalyfja (t.d. tramadol, oxycodone). Síðan er dregið úr töku annarra verkjalyfja. Ef þörf er á lyfseðilsskyldum verkjalyfjum er lyfseðill sendur rafrænt í apótek.

<p><b>Verkjalyf tekin reglulega:</b></p> <p>Lyf: Skammtur: Hversu oft á að taka lyfið?</p> <p>Lyf: Skammtur: Hversu oft á að taka lyfið?</p>	<p><b>Viðbótar-verkjalyf:</b></p> <p>Lyf: Skammtur: Hversu oft má taka lyfið?</p>
--	---

### Algengar aukaverkanir verkjalyfja

Aukaverkanir eru mismunandi eftir lyfjum. Algengt er að finna fyrir hægðatregðu og ýmiss konar óþægindum í maga. Ekki er víst að allir finni fyrir þessum einkennum.

**Hægðatregða:** Vinna má gegn hægðatregðu með því að drekka glas af sveskjusafa að morgni, borða gróft kornmeti, grænmeti og þurrkaða ávexti. Einnig er hægt að kaupa trefjahylki eða duft í apóteki eða matvöruverslun. Nauðsynlegt er að drekka um það bil 1,5 lítra af vökva á dag. Hægt er að kaupa hægðalyf án lyfseðils í apóteki. Aðrar ráðleggingar geta átt við þegar um er að ræða skurðaðgerð á ristli.

**Magaóþægindi:** Æskilegt er að taka lyfin með glasi af vatni eða máltíð. Fólk sem hefur fengið magasár eða magabólgu þarf að ráðfæra sig við lækni áður en bólgueyðandi verkjalyf eru notuð.

**Slævandi áhrif:** Sum verkjalyf skerða aksturshæfni og því má ekki aka bíl á meðan þeirra er þörf.

### **Önnur verkjameðferð**

Aðferðir sem hafa reynst vel eru slökun, að hlusta á tónlist og dreifa athyglinni. Ekki er æskilegt að nota heita eða kalda bakstra á skurðsár meðan það er að gróa.

#### **Hafa þarf samband við deildina ef eftirfarandi einkenna verður vart:**

- Ef verkir eru slæmir þrátt fyrir töku verkjalyfja
- Ef aukaverkanir koma í veg fyrir að hægt sé að taka lyf
- Ef ofnæmisviðbrögð koma fram (kláði, útbrot, öndunarerfiðleikar)
- Ef mikill sljóleiki er til staðar